

Frá: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <noreply@mentor.is>
Sent: miðvikudagur, 7. desember 2022 19:41
Til: Hafdís Bára Kristmundsdóttir <Hafdis@hofsstadaskoli.is>
Efni: Í kjölfar niðurstaðna úttektar á Hofsstaðaskóla

Yfirlit póstsendingar úr Mentor.is

Póstur var sendur á eftirfarandi aðila:

Hópar: 1.Hof 1 / 1.Hof 3 / 2. ÁS / 2. JES / 2. SS / 3. AH / 3. BSv / 3. RJ / 3. SH / 4. BSt / 4. EMK / 4. IS / 4. ÓG / 5. AB / 5. GHS / 5. ÓP / 5. SGE / 6. AMH / 6. AS / 6. AP / 6. RBG / 7. HBS / 7. JBI / 7. StH / 7. ÖM

Viðtakandi: Aðstandendur

Texti:

Til að svara þessum pósti [Smelltu hér.](#)
(Ef hlekkurinn opnast ekki skaltu senda svar á netfang sendanda: hafdis@hofsstadaskoli.is)

Sent á: Hofsstaðaskóli í Garðabæ, Aðstandendur

Ágætu foreldrar í Hofsstaðaskóla

Á fundi með forráðamönnum nemenda sem var haldinn síðdegis í dag miðvikudaginn 7. desember voru niðurstöður úr sýnatökum úr skólahúsnæði Hofsstaðaskóla kynntar.

Á fundinum kom fram að fimm kennslustofum í Hofsstaðaskóla verður lokað þar sem mygla greindist í þeim í kjölfar sýnatöku í síðasta mánuði. Endurbætur á stofunum hefjast eins fljótt og unnt er. Kennsla raskast óverulega vegna þessa og stefna bæjaryfirvöld að því að leigja færanlegar skólustofur sem verður komið fyrir á skólalóðinni strax eftir jólafrí.

Kennsla fyrir bekki sem hafa notað stofur sem verða lokaðar

Næstu daga og fram að jólafríi verður kennsla í þeim bekkjum sem hafa notað stofurnar fimm sem verður lokað færð annað. Um er að ræða: 4. IS, 5. ÓP, 6. RBG og 7. HBS. Gögn nemenda og kennara verða ekki færð úr stofunum og húsgögn verða þrífín og sótthreinsuð. Tilfærslur munu að hluta til hafa áhrif á allan árganginn þar sem samnýta þarf bekkjarstofur og hópaskiptingar geta raskast. Hér vinna allir saman að því að leysa málin þar til aukastofurnar koma. Upplýsingar um skólahald næstu daga fyrir umrædda bekki verða sendar til forráðamanna í sér pósti.

Mikilvægt er fyrir börnin okkar að umræða um stöðuna sé yfirveguð og þess gætt að halda ró. Verið er að bregðast við skemmdum og afleiðingum þeirra og í kjölfarið er áformað að fara í víðtækar endurbætur á skólahúsnæðinu. Best er að segja eins og er að það hafi fundist mygla á nokkrum stöðum og verið sé að skoða húsið betur. Vitað er um nokkur tilvik þar sem hugsanlega má rekja veikindi nemenda til þess.

Ítarlegri mælingar á húsnæði Hofsstaðaskóla

Í framhaldi af ábendingum um loftgæði í Hofsstaðaskóla voru tekin sýni í byrjun nóvember 2022 og þau send í greiningu. Samkvæmt niðurstöðum þeirra fannst mygla undir gólfdukk í þremur kennslustofum. Jafnframt greindist mygla í ryki í tveimur öðrum kennslustofum og hefur öllum fimm kennslustofunum verið lokað. Öll húsgögn og munir sem eru inni í kennslustofunum verða fjarlægð og sótthreinsuð með viðeigandi hætti. Svo virðist sem rekja megi mygluna til eldri rakaskemmda í skólanum sem búið var að lagfæra.

Til að gæta að fullu öryggi nemenda og starfsfólks mun verkfræðistofan Mannvit ráðast í ítarlegri mælingar á húsnæði Hofsstaðaskóla. Gert er ráð fyrir að niðurstöður þeirra mælinga liggi fyrir fljótlega á nýju ári. Loftþreinsitæki verða sett inn í nokkrar stofur.

Mannvit vinnur með bæjaryfirvöldum að aðgerðar- og kostnaðaráætlun vegna viðgerða á skólanum.

Upplýsingar um stöðu mála

Forráðamenn verða áfram upplýstir um stöðu mála en einnig er velkomið að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu.

Upplýsingar veita:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir, skólastjóri Hofsstaðaskóla, hafdis@hofsstadaskoli.is

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gudbjorgbra@gardabaer.is

Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Hofsstaðaskóli í Garðabæ

sent úr Mentor.is